

VG-Fornleifarannsóknir

-Egilsstaðir/Egilsstaðaflugvöllur-

Endurskráning fornminja á áhrifasvæði innan Skipulagssvæðis Egilsstaðaflugvallar

Fornleifaskráning 2018

FLDH-1980

Vala Garðarsdóttir
September 2018



Forsíðumynd:

Gamall árfarvegur Eyjafjarðarár- horft til norðurs /Ljsm. Vala Garðarsdóttir

Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur
VG-fornleifarannsóknir
Tjarnarbrekka 6
225 Álftanes

Farsími: 8639199
Vinnusími: 5651806
Netfang: vgfornleifarannsoknir@gmail.com
www.vgfornleifar.is

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	2
FORNLEIFASKRÁNING, LÖGGJÖF OG STAÐLAR.....	4
FORNMINJASKRÁ EGILSSTAÐA 1997.....	6
SKRÁÐAR MINJAR.....	6
UPPMÆLDAR MINJAR.....	7
NIÐURSTAÐA.....	14
HEIMILDIR.....	15

Inngangur

Á næstu misserum er áætlað að hefja framkæmdir við Egilsstaðaflugvöll. Deiliskipulag (sjá kort 1) hefur verið gefið út og samþykkt. Áður en hægt er að ráðast í framkæmdir skal, að beiðni Minjastofnunar, gera endurskráningu á fornminjum innan skipulagssvæðisins (kort 1 og 2a og 2b). Fornleifaskráning var gerð á svæðinu árið 1997.¹ Þar sem nokkur ár eru liðin síðan þá og tækninni fleygt fram skal fornleifaskráningin endurgerð með uppmælingum á þeim minjum sem áður hafa verið skráðar ásamt nýjum sem kunna að koma í ljós.

Að beiðni Isavia sem rekur flugvöllinn var framkvæmdasvæðið tekið út með tilliti til fornminja, líkt og lög gera ráð fyrir.² Hér er því ekki um fullnaðarskráningu að ræða. Farið var á vettvang 17. september 2018, úttektarsvæðið gengið kerfisbundið og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Sjáanlegar minjar voru staðsettar og uppmældar nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) ásamt því að vera ljósmyndaðar. Eldri skráning var endurgerð á vettvangi með nýjum hnitum.


Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur sá um skráningu, úrvinnslu og skýrslugerð.



Kort 1. Skipulagssvæðið (fjólublátt) Grænir punktar eru minjasvæði

¹ Guðný Zoega, Fornleifaskrá Egilsstaða. 1997

² Lög um menningarminjar nr. 80/2012



Kort 2a. Deiliskipulag við Egilsstaðaflugvöll



Kort 2b. Skipulagssvæðið á loftmynd

Skipulagssvæðið

Fyrirhuguð framkvæmd og áhrifasvæði þess liggur að mestu austan við núverandi flugbraut. Vitað er um eitt minjasvæði vestan við flugbrautina (sjá kort 3) en það er löngu horfið undir tún.³ Um er að ræða ferjustæði sem skráð var 1997, ekki var það sýnilegt þá frekar en nú.

Þær minjar sem fyrir voru innan og við skipulagssvæðið eru fjórar talsins.

³ Guðný Zoega, fornleifaskrá Egilsstaða 1997

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands (MÍ).

Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær. Ástand minja metið út frá flokkun MÍ um sýnileika.

Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum. Stærð er skráð í mestri lengd og breidd í metrum. Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Fornminjaskrá Egilsstaða frá 1997

Árið 1997 gerði Guðný Zoega þáverandi minjavörður Austurlands, fornleifskráningu á Egilsstaðajörð. Fornleifaskráin fer yfir helstu minjar sem finna má í landi Egilsstaða ásamt ágripi af sögu jarðarinnar.⁴ Egilsstaðir voru fyrr á öldum með betri býlum en urðu þó ekki stórbýli fyrr en á 20.öld. Á Egilsstöðum var þingstaður hins forna Vallnahrepps allt fram yfir 1700. Jörðin hefur jafnan verið í bændaeign. Þaðan var hjáleigan Berg sem ónefnd er í fasteignamati 1918 en er tilgreind með nafni í jarðatali 1947. Berg var byggt fram á miðja 19.öld. Egilsstaðaland nær yfir ysta hluta svæðisins milli Lagarfljóts og Eyvindarár (sjá kort 1). 1920 skiptust Egilsstaðir í tvö býli. Árið 1955 var þar stofnað félagsbú með þríbýli á Egilsstöðum. Árið 1952 var stofnað nýbýli sem gekk undir nafninu Búbót en var síðar lögformlega skírt Útgarður. Það var í landi Egilsstaðarþorps sem tekið hafði verið eignarnámi. Búbót var samvinnufélag um mjókurframleiðslu og lagðist af 1966. Þak sléttað var á árunum 1904-1936. 1929 var farið að brjóta land með hestaverkfærum. Síðar var land unnið með hjóladráttarvél, túnslétta var 3.8 hektarar og voru plægðar, unnar og sánar allstórar spildur til ræktunar. Fyrst unnið með jarðýtu 1961.⁵

Þær minjar sem skráðar voru innan skipulagssvæðisins 1997 eru eftirfarandi:

1. SM-24:025

Sérheiti: Selhólar

Heimild: um Sel.

„Selhólar voru á Egilsstaðanesi, myndarlegir hólar, ekki fjarri ytri enda gömlu flugbrautarinnar. Ekki er kunnugt um að tóttir hafi verið þar (heimild: HH 1996, bls 10)“.⁶

2. SM-24:029

Sérheiti: Ferjukíll

Heimild um ferjulægi.

„Gengur austur úr Lagarfljóti utanvert við þjóðveginn á nesinu. Þar er gamall farvegur Eyvindarár. Er nú kominn að mestu leiti undir tún (heimild: HH 1996 bls 13).“⁷

⁴ Guðný Zoega, fornleifaskrá Egilsstaða bls. 30-34, 1997

⁵ Sveitir og jarðir II, bls 198-205, Örnefnaskrá Egilsstaða

⁶ Guðný Zoega, fornleifaskrá Egilsstaða bls. 34, 1997

⁷ Guðný Zoega, fornleifaskrá Egilsstaða bls. 34, 1997

Uppmælingar á vettvangi-

Farið var á vettvang þann 17. september 2018 að beiðni ISAVIA til þess að taka út svæðið innan núverandi deilskipulags með tilliti til fornminja sem og að mæla upp þær minjar sem fyrir kunna að vera samkvæmt núverandi kröfum Minjastofnunar Ísland um fornleifaskráningu á vettvangi. Gengið var út frá eldri heimildum og fornleifaskráningu.

Auk þeirra minja sem skráðar eru í fornleifaskrána 1997 fundust þrjár aðrar minjar innan og við fyrirhugað skipulagssvæði.

Líklegt þykir að ein tóftin sé Sel sem nefnt er Selhólar í örnefnaskrá og fornleifaskrá 1997.

Auðkennisnúmer: SM-1980:001

Sérheiti: Selhólar?

Tegund: tóft

Hlutverk: Sel/óþekkt

Aldur frá: 850

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta

Vegghæð frá: 0,6 m

Vegghæð til: 1.2 m

Veggjabreidd: 1,5 m

Lýsing: Vel gróin og grasivaxin tóft sem virðist fjór-hólfa skipt með garði að baki hólfa að vestanverðu. Líklegt er að annar garður (002) hafi verið tengdur þessu mannvirki en slóð sem liggur að Eyvindará í austur/vestur gæti hafa rofið það samhengi.




Mynd 1 – horft til austurs í átt að Eyvindará- mögulega tóft af Seli.



Mynd 2. Horft til norðausturs. Tóft af Seli?



Kort 3. Minjar 1980:001 og 002



Kort 4. Minjar 001-002- og 003 ásamt SM-24:029 vestan flugbrautar

Auðkennisnúmer: SM-1980:002

Sérheiti: Egilsstaðir

Tegund: Garður/garðlag

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: 850

Aldur til: 1950

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hættu

Vegghæð frá: 0,9 m

Vegghæð til: 1,5 m

Veggjabreidd: 0,8 m

Lýsing: Rétt sunnan við 1980:001 er garðlag sem gengur í austur-vestur.

Garðlagið er vel gróið. Mögulega er búið að eiga töluvert við garðinn þar sem

hann er tví-rofin eftir endilöngum hryggnum. Möguleiki er á því að þegar slóði var gerður, sem liggur fast norðan við garðinn, að þá hafi honum verið rutt til og jafnvel rofinn í austurenda þar sem möguleg tenging við 1980:001 gæti hafa verið.



Mynd 4. Garður 1980:002, horft til vesturs.

Auðkennisnúmer: 1980-003

Sérheiti: Egilsstaðir

Tegund: Garðlag

Hlutverk: túngarður/óþekkt

Aldur frá:

Aldur til:

Friðlýst: nei

Ástand: greinanlegar minjar

Hætta: hætta

Vegghæð frá: 0,4 m

Vegghæð til: 1,2 m


Veggjabreidd: 1,5 m

Lengd: 50-70 m

Lýsing: Garðlag sem liggur í norður-suður, austan við núverandi flugbraut rétt utan skipulagssvæðið. Garðurinn er um 50-70 metra langur þar sem hann er sýnilegur. Mikill gróður og trjágróður er á svæðinu og garðurinn því vel gróinn og úfinn. Aldur hans er óþekktur, en virðist ekki forn.



Mynd 5. Garðlag 1980:003. Horft til suðurs




Kort 5: Garðlag 1980:003



Kort 6. Garðlag 003, garður 002 og tóftir 001



Kort 7. Minjar 001-003 ásamt punkti úr fornleifaskrá 1997 SM-24-025



Kort 8. Minjar skráðar 1997 og 2018

Niðurstaða

Þær minjar sem skráðar voru 1997 voru byggðar á frásögn heimildarmanna og úr örnefnaskrá (SM-24:025 og SM-24:029). Var þeim gefinn punktur þar sem líklegast þótti að þær minjar væru að finna.

Þær minjar sem mældar voru upp í september 2018 (1980:001/1980:002 og 1980:003) gætu mögulega verið hluti af hinum svokölluðu Selhólum. Það er þó auðvitað ekki hægt að slá því föstu þótt líklegt þyki. Garðlag 003 og garður 002 eru stakar minjar en líklegt er að þær tengist 001 og svæðinu þar í kring sem heild og í aldri. Mikill trjágróður er á svæðinu og því erfitt að sjá heildarmyndina. Loftmyndir gefa til kynna að fleiri minjar gætu mögulega verið rétt norðan við 001, en það sést ekki á jörðu niðri vegna mikils gróðurs. Engu að síður var punktur settur á það svæði ef vera mættu minjar í jörðu.

Minjar innan áhrifasvæðis

1980:001

1980:002

Heimildir

Guðný Zoega. Fornleifaskrá Egilsstaða 1997.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012.